

Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um söfn.

Menntamálaráðuneytið leitaði aðstoðar safnaráðs til að svara 1.–3. tölulið fyrirspurnarinnar.

Merking hugtaksins „safn“ á íslensku er í daglegu tali allvíðtæk. Meðal þeirra sem vinna að safnamálum eru hugtökin „safnvísir“, „setur“ og „sýning“ notuð til viðbótar við safnahugtakið til að greina á milli mismunandi tegunda safnstarfsemi. Í 4. gr. safnalaga, nr. 106/2001, er safn skilgreint sem „... stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.“ U.þ.b. 75 stofnanir á Íslandi myndu falla undir þessa skilgreiningu samkvæmt túlkun safnaráðs á 4. gr. safnalaga. Stofnanir í safnastarfi eru þó mun fleiri, eða hátt í 220 talsins. U.þ.b. 145 stofnanir (þ.e. safnvísar, setur og sýningar) sinna ákveðnum þáttum sem telja má til grunnþátta safnastarfs þó að starf þeirra nái ekki til allra þeirra verkefna sem talin eru upp í 4. gr. safnalaga. Eftirfarandi svör ráðuneytisins miðast við allar stofnanir í safnastarfi hvort sem þær falla að fullu undir 4. gr. safnalaga eða ekki og er það gert til að gefa sem heildstæðasta mynd af safnastarfi í landinu. Til hægðarauka hefur safnaráð skipt landinu upp í sjö minjasvæði sem fylgja nokkurn veginn kjördæmaskipaninni fyrir síðustu breytingar. Upplýsingarnar ná ekki til safna sem skilgreind eru sem skjalasöfn.

1. Hvað eru starfrækt mörg söfn hér á landi, sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Samkvæmt nýjustu upplýsingum ráðuneytisins starfa 218 söfn, safnvísar, setur, sýningar og aðrar stofnanir í safnastarfi hér á landi. Á minjasvæði 1 (Reykjavík) starfa 40 stofnanir, á minjasvæði 2 (Reykjanesi) 17, á minjasvæði 3 (Vesturlandi) 25, á minjasvæði 4 (Vestfjörðum) 17, á minjasvæði 5a (Norðurlandi) 38, á minjasvæði 5b (Akureyri) 13, á minjasvæði 6 (Austurlandi) 34 og á minjasvæði 7 (Suðurlandi) eru stofnanirnar 34.

2. Hver var opinber styrkur til safnastarfs í heild sl. tvö ár, sundurliðað eftir söfnum og árum?

Fjárveitingar ríkis til safnastarfs eru einkum eftirfarandi:

- til beins rekstrar ríkissafna,
- með fjárveitingu í Safnasjóð sem útteilir ríkisstyrkjum til safna,
- með samningum einstakra safna við ráðuneyti (aðallega stofnstyrkir vegna húsnæðis),
- með samningum ríkisins við sveitarstjórnir um styrki til menningarmála,
- með einstaka styrkjum til safna á fjárlögum sem fjárlaganefnd ákvarðar,
- með öðrum styrkjum (m.a. í gegnum opinbera sjóði og sjóði sem styrktir eru af ríkinu).

Erfitt er að fá nákvæma tölu yfir heildarútgjöld hins opinbera til safnastarfs þar sem oft er óljóst hve hátt hlutfall af fjárveitingum hefur runnið til safnastarfs. Söfn eru t.a.m. rekin innan stofnana á vegum ríkisins (sbr. t.d. Listasafn Háskóla Íslands, Búvélasafnið á Hvanneyri og Náttúrugripasafn Íslands sem Náttúrufræðistofnun Íslands rekur) en ekki er tilgreint

á fjárlögum hve hár hluti opinberra fjárveitinga til viðkomandi stofnana rennur til safnastarfsins. Eins er óljóst hve hár hluti menningarsamninga ríkisvaldsins við ákveðin landsvæði rennur til safnastarfs.

Heildarfjárveitingar ríkis til safnastarfs fyrir árin 2003 og 2004 samkvæmt þeim upplýsingum sem eru fyrir hendi koma fram í eftirfarandi töflu.

Heildarfjárveitingar ríkis til safnastarfs 2003 og 2004, þús. kr.		
	2003	2004
Framlög til stofnana í safnastarfi á fjárlögum	1.134.473	1.078.000
Safnasjóður, samningar og óskipt á fjárlögum	98.850	86.000
Aðrir sjóðir á fjárlögum	48.850	30.650
Samtals	1.282.173	1.194.650

2. Hver var gestafjöldi safnanna sl. tvö ár, sundurliðað eftir söfnum og árum?

Upplýsingar frá Hagstofu Íslands fyrir 2004 eru enn ekki opinberar. Hagstofan gefur jafnframt ekki upplýsingar um gestafjölda einstaka stofnana, heldur birtir upplýsingar um heildarfjölda safngesta eftir landshlutum. Eftirfarandi er byggt á töflu 21.14 úr upplýsingaritinu *Landshagir 2005 – menningarmál og rannsóknir*, sem gefið er út af Hagstofu Íslands.

Gestir safna 1995–2003.										
	Fjöldi safna og garða¹	Gestir alls	Höfuðborgarsvæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norður-vestra land	Norður-eystra land	Austurland	Suðurland
Gestafjöldi alls										
1995	82	829.192	590.679	35.733	18.922	18.470	49.527	53.721	22.387	39.753
1996	87	857.470	586.078	30.730	21.385	17.580	51.350	53.690	24.776	71.881
1997	88	819.352	551.110	34.908	21.899	18.960	50.101	49.363	24.235	68.776
1998	96	839.508	520.998	36.930	34.772	24.944	60.444	55.890	21.850	83.680
1999	97	824.558	520.193	37.510	32.078	23.971	52.791	60.545	23.408	74.062
2000	104	917.832	544.000	45.365	40.201	28.030	54.227	66.316	31.410	108.283
2001	105	957.164	566.277	41.046	50.980	29.868	49.293	72.143	39.945	107.612
2002	108	1.124.946	649.796	66.029	70.490	29.412	55.788	97.247	48.809	107.375
2003	121	1.192.089	684.362	61.996	57.039	40.680	65.375	96.548	60.056	126.033
Minja- og munasöfn										
1995	80	641.800	423.820	15.200	18.922	18.470	49.527	53.721	22.387	39.753
1996	84	635.913	395.328	8.730	21.385	17.580	51.350	53.690	24.776	63.074
1997	85	573.562	344.361	8.908	21.899	18.960	50.101	49.363	24.235	55.735
1998	92	602.422	329.131	10.930	34.772	24.944	55.480	55.890	21.850	69.425
1999	93	583.241	326.565	11.010	32.078	23.971	45.791	60.545	23.408	59.873
2000	100	707.819	374.571	22.365	40.201	28.030	49.227	66.316	31.410	95.699
2001	101	726.307	376.068	17.046	50.980	29.868	45.293	72.143	39.945	94.964
2002	104	877.225	440.835	46.029	70.490	29.412	51.708	97.247	48.809	92.695
2003	117	948.421	472.661	46.996	57.039	40.680	63.875	96.548	60.056	110.566

Fjöldi safna og garða ¹	Gestir alls	Höfuðborgarsvæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norður-vestra land	Norður-eystra land	Austurland	Suðurland
Fiskasöfn og dýragarðar									
1995	2	187.392	166.859	20.533	•	•	•	•	•
1996	3	221.557	190.750	22.000	•	•	•	•	8.807
1997	3	245.790	206.749	26.000	•	•	•	•	13.041
1998	4	237.086	191.867	26.000	•	•	4.964	•	14.255
1999	4	241.317	193.628	26.500	•	•	7.000	•	14.189
2000	4	210.013	169.429	23.000	•	•	5.000	•	12.584
2001	4	230.857	190.209	24.000	•	•	4.000	•	12.648
2002	4	247.721	208.961	20.000	•	•	4.080	•	14.680
2003	4	243.668	211.701	15.000	•	•	1.500	•	15.467

Skýringar: Söfn ásamt vísindamiðstöðvum, fræðasetrum og föstum sýningum opnum almenningi. Gestir grasagarða eru ekki meðtaldir. Gestafjöldi er að hluta áætlaður. Endurskoðaðar tölur.

¹ Einungis söfn og garðar sem veita upplýsingar um gestafjöldi.

Heimildir: Hagstofa Íslands, söfnin.

Safnaráð safnar upplýsingum um þær stofnanir sem sækja um styrki í safnasjóð og þær upplýsingar fyrir árin 2003 og 2004 koma fram í töflunni.

Gestafjöldi 2003 og 2004 á stofnunum sem sóttu í Safnasjóð fyrir árin 2005 og 2006.

Heiti safnastofnunar	2003	2004
Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga	723	517
Byggða- og bæjabókasafn Ölfuss	<i>Sótti ekki um</i>	?
Byggðasafn Dalamanna	530	637
Byggðasafn Gerðahrepps, Garðskaga	1.000	1.200
Byggðasafn Hafnarfjarðar	11.376	10.318
Byggðasafn Húnavatnings og Strandamanna	5.000	2.300
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftfellina í Skógum	35.200	36.500
Byggðasafn Reykjanesbæjar	5.560	12.842
Byggðasafn Skagfirðinga Glaumbæ	25.000	26.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla (Norska húsinu)	5.986	6.200
Byggðasafn Vestfjarða	10.000	?
Byggðasafnið Breiðdalsvík	?	<i>Sótti ekki um</i>
Byggðasafnið Hvoll, Dalvíkurbyggð	5.175	5.486
Draumasetrið Skuggsjá	<i>Sótti ekki um</i>	600
Fiska- og Náttúrugripasafn Vestmannaeyja	?	6.966
Flugsafn Íslands, Akureyri	800	1.000
Fugla- og steinasafn Djúpavogshrepps	654	<i>Sótti ekki um</i>
Listasverkasafnið Gagn og gaman, Gerðubergi	?	<i>Sótti ekki um</i>
Grafiksafn Íslands	4.000	<i>Sótti ekki um</i>
Hafnarborg	70.000	71.800
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	2.800	2.800
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	2.500	<i>Sótti ekki um</i>
Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga	5.150	4.600
Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga, Náttúrugripasafn	?	<i>Sótti ekki um</i>
Húsið á Eyrarbakka – Rjómabúið á Bausstöðum	1.467	?

Heiti safnastofnunar	2003	2004
Húsið á Eyrarbakka – Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	3.500	3.900
Hvalamiðstöðin á Húsavík	19.000	18.300
Iðnaðarsafnið á Akureyri	?	1.500
Kirkjubæjarstofa	<i>Sótti ekki um</i>	700
Kvennasögusafn Íslands (skjalasafn)	259	<i>Sótti ekki um</i>
Leikminjasafn Íslands	?	?
Listasafn Árnesinga	2.000	2.500
Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn	22.170	24.094
Listasafn Reykjanesbæjar	15.074	29.111
Listasafn Reykjavíkur	153.000	160.000
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5.040	<i>Sótti ekki um</i>
Listasafnið á Akureyri	16.500	<i>Sótti ekki um</i>
Listasetrið Kirkjuhvoll, Akranesi	2.250	<i>Sótti ekki um</i>
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	17.000	18.000
Ljósmyndasafn Sigurgeirs Jónssonar	<i>Sótti ekki um</i>	?
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu	9.000	
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Listasafn Austur-Skaftafellssýslu	6.000	2.000
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Náttúrugripasafn Austur-Skaftafellssýslu	4.000	?
Minjasafn Egils Ólafssonar	4.700	3.415
Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn	39.000	37.000
Minjasafn Reykjavíkur – Viðey	18.000	?
Minjasafnið á Akureyri	25.085	22.735
Minjasafnið á Bustarfelli	2.078	2.062
Safn Mats Wibe Lund – Myndasafn.is	7.800	<i>Sótti ekki um</i>
Náttúrufræðistofa Kópavogs	7.235	8.628
Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar	?	<i>Sótti ekki um</i>
Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík – Náttúrugripasafnið í Bolungarvík	1.375	<i>Sótti ekki um</i>
Nonnahús	6.250	5.096
Nýlistasafnið	16.000	17.800
Safnahús Borgarfjarðar – Byggðasafn Borgfirðinga	487	800
Safnahús Borgarfjarðar – Náttúrugripasafn Borgarfjarðar	487	800
Safnahús Borgarfjarðar – Listasafn Borgarness	3.000	800
Safnahús Vestmannaeyja – Byggðasafn Vestmannaeyja	5.361	5.423
Safnahús Vestmannaeyja – Listasafn Vestmannaeyja	3.768	4.219
Safnahús Vestmannaeyja – Ljósmyndasafn Vestmannaeyja	?	?
Safnahúsið á Egilsstöðum – Minjasafn Austurlands	2.158	1.350
Safnahúsið á Húsavík – Byggðasafn Suður-Þingeyinga	9.073	8.502
Safnahúsið á Húsavík – Myndlistarsafn	6.921	6.186
Safnahúsið á Húsavík – Náttúrugripasafn	6.921	6.186
Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði – Listasafn Ísafjarðar	?	15.000
Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði – Ljósmyndasafn Ísafjarðar	50	50
Safnasafnið á Svalbarðseyri	3.900	2.700
Safnastofnun Fjarðabyggðar – Íslenska stríðsárasafnið	2.176	<i>Sótti ekki um</i>
Safnastofnun Fjarðabyggðar – Náttúrugripasafnið Neskaupsstað	851	561
Safnastofnun Fjarðabyggðar – Safn Jósafats Hinrikssonar	2.000	<i>Sótti ekki um</i>

Heiti safnastofnunar	2003	2004
Safnastofnun Fjarðabyggðar – Sjóminjasafn Austurlands	1.460	1.503
Safnasvæðið á Akranesi – Byggðasafn Akraness og nærsveita	26.328	26.860
Safnasvæðið á Akranesi – Steinaríki Íslands	26.328	Sótti ekki um
Samgönguminjasafnið Ystafelli	3.638	3.348
Sauðfjársetur á Ströndum	2.980	2.850
Síldarminjasafnið á Siglufirði	6.000	14.000
Sjóminjasafnið Ósvör, Bolungarvík	7.000	Sótti ekki um
Steinasafnið Teigarhorni	2.289	Sótti ekki um
Tónminjasetur Íslands	6.330	Sótti ekki um
Tækniminjasafn Austurlands, Seyðisfirði	1.490	2.455
Veiðisafnið	3.506	5.781
Verslunarmínjasafnið, Hvammstanga (Bardúsa)	2.500	Sótti ekki um
Véla- og samgönguminjasafnið Stóragarði	?	1.800
Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík	?	?
Samtals 84 söfn	732.239	657.781

? = Umbeðnar upplýsingar komu ekki fram í umsókn.

Tölum um gestafjölda safna (sér í lagi smærri stofnana) ber að taka með fyrirvara. Athuga ber að tölurnar í töflunni hér að framan sýna fjölda þeirra gesta sem heimsóttu stofnanirnar. Tölurnar ná ekki yfir safngesti sem „heimsækja“ sýningar eða skoða upplýsingar um safnkost á vefnum, en í flestum tilfellum bjóða söfn upp á slíkar upplýsingar, jafnvel sérhannaðar vef-sýningar (t.a.m. ljósmyndasöfn). Enn fremur telja sumar smærri safnastofnanir einungis úr gestabók, gera má ráð fyrir að einhver hluti safngesta riti ekki í gestabækur.

Gestafjöldi Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands á árunum 2003–2005 er sem hér segir:

Þjóðminjasafn Íslands.

Árið 2003 voru sýningargestir 81.860 (á sýningar utan safnhússins en það var lokað þetta ár).

Árið 2004 voru sýningargestir 195.000 (þar af komu 35.000 gestir í safnhúsið frá 1. september 2004 til áramóta, en 160.000 gestir á sýningar utan hússins, m.a. erlendis).

1. september 2004 til 31. ágúst 2005, þ.e. fyrstu 12 mánuðina eftir að safnhúsið var opnað, komu um 100.000 gestir í húsið.

Árið 2005 voru skráðir gestir í safnhúsið 77.990. Áætlað er að heildarfjöldi hafi ekki verið undir 80.000.

Listasafn Íslands.

Árið 2003 voru sýningargestir 27.714.

Árið 2004 voru sýningargestir 31.104.

Árið 2005 voru sýningargestir 43.438 (29.938 komu í safnið en 13.500 á sýningu Listasafns Íslands á Kjarvalsstöðum).

3. Hefur verið til skoðunar hjá stjórnvöldum að skilyrða stuðning við safnastarf við að aðgangseyrir verði felldur niður, að fullu eða hluta?

Felldur hefur verið niður aðgangseyrir að Listasafni Íslands í tilraunaskyni. Í framhaldi af þeirri tilraun verður skoðað hvort fella eigi niður aðgangseyri hjá öðrum ríkissöfnum. Innan ráðuneytisins hefur ekki verið fjallað um þá hugmynd að skilyrða ríkisstuðning við önnur söfn því að þau felli niður aðgangseyri. Hugmyndin hefur verið til umræðu innan vinnuhóps sem nú vinnur að endurskoðun safnalaga og verður skoðuð nánar þegar heildar-tillögur vinnuhópsins liggja fyrir.